

L Ö G

65

13. marz

um breyting á lögum nr. 18 4. nóv. 1887, um veð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2., 3., 4. og 5. málsg. 7. gr. laganna orðist svo:

Eigi veðsali heimili í Reykjavík, skal afhenda skjalið til innritunar í veðmálaskrár innan þriggja vikna frá dagsetningu þess, en í öðrum kaupstöðum skal þinglýsa því á fyrsta, öðru eða þriðja bæjarþingi, eftir að það er dagsett, og fær bréfið, ef út af er brugðið, eigi veðgildi frá þinglýsingardegi, þótt síðar verði lýst.

Eigi veðsali heima utan kaupstaða, skal lýsa veðbréfinu á manntalsþingi hinu næsta eftir að það er dagsett, og fer um það sem áður segir, ef út af er brugðið. Hafi því verið þinglýst á réttum tíma, en áður sýnt, til þess að það verði ritað fyrir fram í afsals- og veðmálabókina, svo sem segir í l. nr. 30 7. maí 1928, nær það veðgildi frá þeim degi, er það var sýnt.

Nú flytur veðsali í aðra þinghá, og skal þá þinglýsa bréfinu að nýju á þingi þar og eigi síðar en áður segir frá þeim degi, er hann kom þangað.

Svo skal og þinglýsa öllum veðskuldbindingum, sem þegar hafa verið gefnar fyrir almennu sjálfsvörzluveði í lausafé eða sjálfsvörzluveði í einstökum munum, ella eru þær ógildar. Skal það gera innan sama frests og að framan greinir, eftir að lög þessi ná gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. marz 1957.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.